



Neysla Svisslendinga á Íslandi langmest


Svisslendingar eru sá hópur ferðamanna sem eyddi mest í neyslu hér á landi á síðasta ári. Að meðaltali eyddi hver Svisslendingur 292 þúsund krónum í heimsókn sinni á Íslandi.¹ Til samanburðar var meðalneysla á erlendan ferðamann um 154 þúsund krónur. Alls námu heildarútgjöld Svisslendinga til ferðalaga hér á landi um 8,8 mö.kr. Alls heimsóttu 30.200 Svisslendingar landið í fyrra.

Neysluútgjöld Svisslendinga 58% meiri en þjóðin í öðru sæti

Sé horft á meðalneyslu ferðamanna eftir þjóðerni hafa Svisslendingar trónað á toppnum hér á landi síðustu ár. Þeir hafa yfirleitt verið í nokkrum sérflokki á þennan mælikvarða og eytt töluvert meiru í neyslu en þær þjóðir sem á eftir hafa komið. Á síðasta ári voru Danir með næstmestu neysluna, eða 185 þúsund króna meðalútgjöld á hvern ferðamann. Meðalútgjöld Svisslendinga voru því 58% meiri en meðalútgjöld Dana. Neysla þeirra 6 þjóða sem koma næstar á eftir Svisslendingum liggur á nokkuð þröngu bili, eða frá 163-185 þúsund. Í þessum hópi eru Noregur sem kemur næstur á eftir Dönnum með 178 þúsund, Þjóðverjar, Frakkar, Bandaríkjamenn og Hollendingar.

Japanir, Kínverjar og Pólverjar reka lestina

Sé litið til þeirra þjóða sem eru neðstar á listanum eru Japan, Kína og Pólland mest áberandi. Kínverjar og Japanir eru einu Asíuþjóðirnar sem taldar eru sérstaklega inn í landið. Neysluútgjöld Japana voru að meðaltali 97 þúsund á hvern ferðamann í fyrra en 87 þúsund hjá hverjum Kínverja. Þessi lága neysla Asíuþjóðanna tveggja skýrist án efa að einhverju leyti af því að þær koma um langan veg og þurfa þess vegna að reiða fram umtalsvert meira fé vegna ferðakostnaðar. Pólverjar skera sig enn frekar úr hópnnum en Japanir og Kínverjar. Meðalneysluútgjöld þeirra eru einungis 28 þúsund á hvern ferðamann. Þessi litla meðalneysla skýrist af því að stór hluti þeirra Pólverja sem fara í gegnum Leifstöð eru ýmist



Mælir heildarútgjöld til ferðalaga, ekki einungis kortaveltu.
Heimild: Hagstofa Íslands


¹ Hér er átt við heildarútgjöld þeirra samkvæmt mati Hagstofunnar en ekki einungis greiðslukortaveltu þeirra.



fólk sem býr hér á landi eða sækja hingað tímabundna atvinnu og eru því ekki ferðamenn.


Mikil neysla Svisslendinga skýrist af langri dvalarlengd

Mikil neysluútgjöld Svisslendinga á hvern ferðamann skýrast að töluvert miklu leyti af dvalarlengd þeirra. Ef fjölda gistinguátta Svisslendinga er deilt með fjölda ferðamanna frá Sviss þeirra má fá gott mat á dvalarlengd. Sé þetta skoðað fyrir Svisslendinga sést að þeir voru með lengstu dvölinna á síðasta ári, 6,1 dag. Til samanburðar var meðaldvalarlengd þeirra 16 þjóða sem taldar eru sérstaklega inn í landið 3,5 dagar og meðaldvöl Svisslendinga því 72% lengri.² Næstlengsta dvalarlengdin var hjá öðru þýskumælandi landi, Þjóðverjum, en hún nam 6 dögum. Dvalarlengd Þjóðverja og Svisslendinga sker sig nokkuð frá dvalarlengd annarra landa en sú þjóð sem kom næst á eftir þeim eru Hollendingar með að meðaltali 5 daga. Langstysta dvalarlengdin var hjá Pólverjum, 0,7 dagar. Þær tölur eru í góðu samræmi við þá niðurstöðu hér að ofan að tiltölulega lítill hluti þeirra Pólverja sem hingað koma séu ferðamenn. Sú þjóð sem var með næstminnstu dvalarlengdina voru Finnar en dvalarlengd þeirra var að meðaltali 1,8 dagar.



Norðmenn með mestu neysluna fyrir hvern dag dvalar

Sé litið til neyslu meðalferðamannsins á hvern dvalardag eru það Norðmenn sem eru efstir á listanum með 79 þúsund krónur að meðaltali. Á eftir þeim koma Danir með 66 þúsund krónur og Finnar með 65 þúsund krónur. Fjórða Norðurlandþjóðin er einnig ofarlega en Svíar eru með 47 þúsund krónur á hvern dvalardag. Öll Norðurlöndin raða sér á lista 7 efstu þjóðanna en á honum eru einnig Bandaríkin, Kanada og Sviss. Meðalneysla Svisslendinga nemur 48 þúsund krónum sem er aðeins yfir meðaltalinu, sem er 44 þúsund. Ljóst er því að neysla hvers svissnesks ferðamanns yfir allan dvalartíma hans skýrist fremur af langri dvalarlengd en mikilli neyslu á hverjum degi. Sé horft til þeirra þjóða sem eru með minnstu neysluna fyrir hvern dvalardag skjóta Kína og Japan aftur upp kollinum. Meðalneysla Kínverja á hvern dvalardag nemur 23 þúsundum sem er sama upphæð og hjá hverjum Japana.




² Rússar eru einnig taldir inn í landið. Í þessum samanburði er þeim hins vegar sleppt þar sem ekki liggja fyrir tölur um heildarútgjöld þeirra hér á landi.



Bandaríkjamenn með langmestu útgjöldin

Ef hins vegar er horft til heildarútgjalda einstakra þjóða hér á landi skera Bandaríkjamenn sig verulega frá öðrum þjóðum en útgjöld þeirra til ferðalaga hér á landi námu 167 mö.kr. í fyrra og var það 16,1% aukning frá árinu 2016. Bretar, sem eru í öðru sæti, eru ekki hálfdrættingar á við Bandaríkjamenn en heildarútgjöld þeirra hér á landi námu tæpum 58 mö.kr., eða um 35% af heildarútgjöldum Bandaríkjamanna. Heildarútgjöld Bandaríkjamanna voru um þriðjungur af öllum útgjöldum erlendra ferðamanna hér á landi á síðasta ári.

Útgjöld til ferðalaga eftir þjóðerni



Mælir heildarútgjöld til ferðalaga, ekki einungis kortaveltu.
Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.